

Matskerfi - skilgreining á aflstigum

Í reglum Háskóla Íslands um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands, nr. 263/2010, eru gerðar kröfur um lágmarks fjölda rannsóknastiga úr tilteknum flokkum matskerfisins (hér nefnd aflstig).

Stig fyrir birt efni sem fellur undir neðangreindar skilgreiningar falla undir aflstig:

- **Ritrýndar bækur:**
 - Bækur sem fá meira en 25 stig falla undir aflstig. Þetta efni er flokkað undir A2.1. í eldra matskerfi en í flokkum A2.1, A2.2 og A2.3 í Matskerfi opinberra háskóla frá 30. desember 2009.
- **Ritrýndir bókarkafar:**
 - Efni sem flokkað er undir A4.2 í eldra matskerfi en í flokkum A3.1, A3.2 og A3.3 í Matskerfi opinberra háskóla frá 30. desember 2009.
- **Ritrýndar tímaritsgreinar (greinar í ISI tímaritum og öðrum ritrýndum tímaritum):**
 - Greinar í ritrýndum tímaritum. Allt efni sem flokkað er undir A3.1 og A3.2 í eldra matskerfi, og efni í flokkum A4.1, A4.2 og A4.3 í Matskerfi opinberra háskóla frá 30. desember 2009.
- **Greinar í alþjóðlegum ráðstefnuritum*:**
 - Einungis kaflar í alþjóðlegum ráðstefnuritum skv. skilgreiningu nýrra matsreglna falla undir aflstig*. Efni sem flokkað er undir A4.1 í eldra matskerfi getur fallið í þennan flokk og efni í flokki A5.1. í Matskerfi opinberra háskóla frá 30. desember 2009.
- **Einkaleyfi:**
 - Aðeins birt einkaleyfi eru metin til stiga. Þegar einkaleyfaumsókn er birt fást 10 stig og 5 viðbótarstig ef einkaleyfið er veitt. Ekki eru veitt stig fyrir endurbirt einkaleyfi eða einkaleyfaumsóknir.

** Ritryndar greinar í ráðstefnuritum sem eru viðurkennt birtingarform á viðkomandi fræðasviði. Slík ráðstefnurit skulu vera aðgengileg í alþjóðlegum gagnagrunnum. Dæmi um þess háttar gagnagrunna eru:*

IEEE Xplore: <http://ieeexplore.ieee.org>

MSME digital store: <http://store.asme.org/>

SPIE: <http://spie.org>

ASCE: <http://www.asce.org>

ACM Digital Library: <http://portal.acm.org>

Listinn er ekki tæmandi. Matsnefndir meta þau tilvik sem upp koma hverju sinni.